



Verið velkomin til **Ticket to Ride™ Hjarta Afríku** – viðbót sem á sér stað í hinum víðfeðmu óbyggðum Afríku í hátindi tímabils könnunarleiðangra hugrakka landkönnuða, trúboða og ævintýramanna.




Hjarta Afríkukortið er sérstaklega hannað fyrir 2 til 5 spilara. Í 4 og 5 manna spili má nota báðar af tvöföldum leiðunum. Þegar 2 eða 3 spilarar spila má einungis nota aðra leiðina af tvöfaldr leið. Þegar ein leið er notuð lokast hin leiðin það sem eftir lifir leiksins.

## LESTARMÍÐAR

Þessi viðbót inniheldur 48 lestarmiða.

Í byrjun leiksins fær hver spilari 4 lestarmiða, af þeim verður spilari að halda minnst tveimur miðum. Eftir að leikurinn byrjar getur spilari dregið fjóra nýja miða, hann verður að halda í það minnsta einum þeirra.

Lestarmiðum sem er skilað, hvort sem það er í upphafi eða í miðju spilinu, er komið fyrir neðst í lestarmiðabunkanum eins og í hefðbundnu Ticket to Ride spili.



## LANDSVÆÐASPIÐ

Viðbótin inniheldur 45 ný landsvæðaspil, með þremur gerðum af landsvæðum, 15 eins spil af hverri gerð. Hvert landsvæði tengist þremur lituðum leiðum.

- ◆ **Eyðimerkur- og Savanna spil:** gular, appelsínugular og rauðar leiðir.
- ◆ **Frumskógar- og skógarspil:** fjólubláar, bláar og grænar leiðir
- ◆ **Fjalla- og klettaspil:** hvítar, gráar og svartar leiðir

Í byrjun leiksins fær hver spilari eitt landsvæðaspil af handahófi til viðbótar við lestarmiðana fjóra og fjögur lestarvagnaspil. Tvö önnur landsvæðaspil eru sett á borðið og látin snúa upp þannig að allir spilarar geti séð og náð í þau. Afgangurinn af spilunum er settur á hvolf í bunka við hliðina á þessum tveimur spilum.



## DRAGA LANDSVÆÐA- OG LESTARVAGNASPIÐ

Þegar spilari má draga lestarvagnaspil getur hann í staðinn dregið landsvæðaspil. Því gildir að þegar spilari má draga spil hefur hann valið um að draga tvö lestarvagnaspil, eða draga tvö landsvæðaspil, eða eitt lestarvagnaspil og eitt landsvæðaspil. Hefðbundnar Ticket to Ride reglur gilda um að velja dráttarvagnaspil sem snýr upp.

Þegar landsvæðaspil, sem snýr upp, er valið skal draga annað spil efst úr bunkanum og setja niður í staðinn, eins og er gert með lestarvagnaspilinu. Spilari getur einnig valið að draga landsvæðaspil efst úr bunkanum (blindur dráttur).

Ólíkt því sem gildir um lestarvagnaspilin eru landsvæðaspil lögð niður fyrir framan spilara með framhliðina upp, flokkuð eftir tegund og röðuð þannig að það sést örliðið í öll spilin, þannig að allir geti séð hversu mörg landsvæðaspilin eru og af hvaða gerð.

## EIGN SLEGIÐ Á LEIÐ

Þegar spilari eignar sér leið getur hann til viðbótar við lestarvagnaspilin, spilað samtímis út landsvæðaspilum til **að tvöfalda gildi** leiðarinnar.

- ◆ Landsvæðaspil sem eru spiluð **verða að vera í sama lit og leiðin sem verið er að eigna sér**
- OG
- ◆ Spilari verður að hafa fyrir framan sig í **það minnsta eins mörg landsvæðaspil af þessari tilteknu landsvæðagerð og annar spilara.**

Fjöldi landsvæðaspila sem á að spila út, til að tvöfalda virði leiðarinnar, fer eftir lengdinni á leiðinni sem verið er að slá eign sinni á:

- 1, 2 og 3 reitir**                      **1 landsvæðaspil í eins lit**
- 4, 5 og 6 reitir**                    **2 landsvæðaspil í eins lit**

Fjöldi plastlestarvagna, sem eru lagðir á leiðina sem verið er eigna sér, er sá sami og þegar gildi leiðarinnar er ekki tvöfölduð. Landsvæðaspilin sem eru spiluð út eru lögð til hliðar. Þegar landsvæðabunkinn er búinn eru spilin stokkuð og nýr bunki er myndaður.

Landsvæðaspil fyrir framan spilara í lok leiksins hafa ekkert virði.

**Þetta spil er viðbót og til að geta spilað hana þarf eftirfarandi spilaáhluta úr öðrum Ticket to Ride spilum:**

- ◆ **45 lestarvagna fyrir hvern spilara og samsvarandi spilapeð úr:**  
- Ticket to Ride / Ticket to Ride Evrópa.
- ◆ **110 lestarvagnaspil frá:**  
- Ticket to Ride / Ticket to Ride Evrópa / USA 1910 viðbótinni.

## AÐ NOTA DRÁTTARVAGNASPIÐIN SEM JÓKER FYRIR LANDSVÆÐASPIÐ

Meðan spilari á leik getur hann valið að nota dráttarvagnaspilin sín sem landsvæðajóker, í stað jókers fyrir lestarvagnaspil. Þá gildir hvert dráttarvagnaspil sem eitt landsvæðaspil af þeirri gerð sem spilarinn ákveður. Öll dráttarvagnaspil, sem eru notuð sem jóker fyrir landsvæðaspil, fara í kastbunkann fyrir lestarvagnaspil.

Dæmi:  
**Cape Town - Port Elisabeth**

Jón

PÉTUR

Jón vantar eitt fjallaspil til að vera með jafn mörg spil og Pétur og tvöfalda þannig stigin sín við að eigna sér strandleiðina Cape Town – Port Elisabeth. Hann spilar út einu dráttarvagnaspili og bætir því við fjallaspilið sitt og er þá jafn Pétri með sín tvö fjallaspil. Jón leggur niður tvo lestarvagna á leiðina og fær 4x2=8 stig. Jón hentir frá sér dráttarvagnaspilinu.

## MADAGASCAR OG ÖNNUR LÖND

Á Madagaskar eru tvær borgir með lestarstöðvar. Til að ljúka við lestarmiða til Madagaskar þarf að komast á aðra hvora stöðina. Það þarf ekki að komast á báðar stöðvarnar.

Leiðir sem liggja til allra annarra landa er blindgata og ekki er hægt að nota þær til að tengja saman borgir, sem tengjast þessum stöku leiðum. Með öðrum orðum, aðskildar leiðir sem fara inn í sama landið er ekki tengdar hver annarri.

## AUKASTIG VIÐ LEIKSLOK

Spilarinn (eða spilarar) sem kláraði flesta lestarmiða fær 10 stiga heims-hornafلاكkarabónus (Globetrotter). Ef tveir eða fleiri spilarar eru jafnir fá þeir allir bónusstig. Miðar sem voru ekki notaðir hafa engin áhrif á hvort spilari fær bónus eða ekki.

## SPILAÁBENDINGAR

◆ Í fimm manna spili, getur hjarta Afríka (miðja kortsins) orðið fljótt þéttsetið. Spilarar passið ykkur! Ef þið viljið leik með minni samkeppni skulið þið spila saman fjórir eða færri.

◆ Sumir spilarar kjósa að taka saman stigin fyrir leiðir sem þeir eigna sér við lok leiksins, í stað þess að gera það í hvert sinn sem leið er eignuð. Þar sem sumar leiðir geta gefið tvöföld stig gengur ekki upp í Ticket To Ride – Hjarta Afríku að reikna stigin fyrir leiðirnar í lokin. Kjörið er að tilnefna einn spilara sem stigavörð, ef hættu er á að það gleymist að taka saman stigin *strax* og eign er slegið á leið. Hann færir þá spilapeðin út allan leikinn, eða minnir aðra spilara á að gera það þegar þeir gleyma því.